



Stúdentaráð Háskóla Íslands

| Stúdentaráðsfundur | | | |
|---------------------|------------------------------|--------|-------------|
| Dags. fundar | Tími | Staður | Nr. fundar |
| 15.12.22 | 17:00 | HT 101 | 6. |
| Fundarboðandi | Fundarritari | | Dags. rituð |
| Rebekka Karlsdóttir | Guðmundur Ásgeir Guðmundsson | | 15.12.22 |

Fundaraðilar mættir

Félagsvísindasvið:

Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)
Viktor Ágústsson (Röskva)
Dagur Kárason (Vaka)
Diljá Ingólfssdóttir (Röskva) *mætti 17:20*
Elías Örn Torfason (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið:

Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)
Styrmir Hallsson fyrir Sigríði Helgu Olafsson (Röskva)
Andri Már Tómasson (Röskva)

Hugvísindasvið:

Rakel Anna Boulter (Röskva)
Draumey Ósk Ómarsdóttir (Röskva) *Teams*
Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)

Menntavísindasvið:

Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)
Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)
Ísak Kárason (Röskva)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)
Sigurþór **Maggi** Snorrason (Röskva)
Dagmar Óladóttir (Röskva) *mætti 17:10*

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ
Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)
Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ
Enea Avduramani
Linda Rún Jónsdóttir
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir
Kristmundur Pétursson
Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdarstjóri sameiginlegrar stjórnarsýslu HÍ
Alexandra Ýr van Erven, forseti LÍS



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 15. desember 2022 í stofu HT-101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on December 15th 2022 in HT-101 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:30

Announcements and issues ahead

4. Fjárveitingar til Háskóla Íslands 17:25-17:45 (umræður)

Nominations to the electoral board

5. Kynning á Landssamtökum íslenskra stúdenta (LÍS) 17:45-18:05

Presentation of the National Association of Icelandic Students

6. Hlé 18:05-18:15

Intermission

7. Tillaga um að frídagar stúdenta séu tryggðir 18:15-18:25 (atkvæðagreiðsla)

Proposal regarding ensured days off for students

8. Tillaga um aukna þjónustu Hámu í Eirberg, Læknagarði og Stakkahlíð 18:25-18:35 (atkvæðagreiðsla)

Proposal regarding increased services in Háma at Eirberg, Læknagard and Stakkahlíð

9. Önnur mál 18:35-18:45

Other issues

10. Bókfærð mál

Recorded issues

11. Fundi slitið

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- b. Atkvæðagreiðsla
Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

3. Tilkygningar og mál á döfinni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

Dagmar Óladóttir mætir 17:10

Diljá mætir 17:20

Guðmundur R. Mætir 17:24

- a. **Starfsemi skrifstofunnar:** Vegna prófatíðar og verkefnaskila hefur verið lágmarksmönnun á skrifstofunni undanfarnar vikur. Tölvupóstum og áriðandi verkefnum hefur að sjálfsögðu verið sinnt en annað hefur verið á “hold”. Skrifstofan verður svo lokuð 22. desember - 4. janúar en tölvupóstum og tilfallandi verkefnum verður þó áfram sinnt á þessum tíma.
- b. **Skrásetningargjöldin:** Farið yfir stöðuna á því máli. *Okkur bárust fregnir að það ætti að hækka skrásetningargjöldin. Ólíkt ferlinu seinast þá lagði Rektor til við Háskólaráð að fá umboð til að ræða þetta við ráðherra. Núna var hins vegar ferlið svo að rektor upplýsir að sent hafi verið sameiginlegt bréf þar sem umræður um innihald bréfsins hafa þegar átt sér stað. Lagt til að gjaldið verði hækkað í 95.000kr. Við teljum að þessi hækkun kemur í kjölfar þess að á milli umræðna í fjárlögunum var gríðarlegur niðurskurður til HÍ. Það voru einhverjir fréttamiðlar sem að fjölluðu um yfirlýsinguna frá okkur en þetta hefur týnst örlítið í samfélagsumræðunni. Forseti fer og ræðir þetta í útvarpinu. Hver er næstu skref? Það er allt mjög óljóst og því erfitt að segja til um næstu skref. Fundurinn við ráðherra (20. des) er góður byrjunarpunktur hvað næstu skref varðar til að reyna að varpa ljósi á stöðuna. Þetta er risastórt hagsmunamál fyrir stúdenta. Takk fyrir fljót viðbrögð þrátt fyrir jólapróf. Við þurfum að vera tilbúin að vera brjáluð yfir þessu!*
- c. **Staðan á endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna:** Lánasjóðsfulltrúi og forseti LÍS funduðu með starfsfólki í ráðuneytinu þann xx. þar sem sameiginlegar áherslur stúdenta í tengslum við endurskoðunina voru lagðar fram. Þrátt fyrir þennan fund er óljóst hver staðan er á þessu máli og hvernig ferlið verður en samkvæmt nýjustu upplýsingum stendur greiningarvinna enn yfir og mun gera það fram á nýtt ár. Í samráði við LÍS var því ákveðið að fara ekki í herferð fyrr en á nýju ári. Stefna Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðunina var samþykkt rafrænt á milli funda og er hana að finna inn á student.is, [hér](#).



- d. **Samráðsfundir stúdenta með ráðherra:** Seinustu tveimur fundum hefur verið frestað með stuttum fyrirvara. Næsti fundur er á dagskrá 20. desember nk.
- a. **Frumvarp um breytingu á lögum Menntasjóðs námsmanna:** Flokkur fólksins lagði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur). Verið er að endurflytja frumvarpið, en meginefni þess er að afnema skuli frítekjumarkið; skerðingar á framfærslu vegna tekna námsmanns. Lánasjóðsfulltrúi og forseti skrifuðu umsögn um frumvarpið sem kosið var rafrænt um á milli funda.
- b. **U-passinn og fleira:** Í framhaldi af [háskólaþingi 18. nóvember sl.](#), þar sem lagt var upp með þá tímalínu að næsta haust yrði U-passi fyrir stúdenta innleiddur haustið 2023, ræddi forseti framhaldið við rektor á fundi okkar 1. desember sl. Þá var einnig talað um uppbyggingu hjólaskýla á háskólasvæðinu á þinginu og áttu fulltrúar stúdenta í umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ ásamt forseta Stúdentaráðs fund með aðilum frá stjórnarsýslu háskólans um þessa uppbyggingu hjólaskýla, sýn stúdenta á þau og hvað væru heppilegar staðsetningar. *Enn þá allt mjög óljóst. Við höldum áfram á þrýsta á það. Mikilvægt að við fylgjum þessu eftir þar sem þetta er stór hluti af okkar sjálfbærni- og umhverfisstefnu.*
- c. **Stjórn Stúdentaráðs** fundaði þann 7. desember sl. Farið yfir fund stjórnar. *Það var helst til umræðu fjármögnun HÍ almennt og svo stöðu sviða og deilda sé. Lauslega farið yfir hvernig við skipuleggjum næstu önn.*
- d. **Félagsstofnun Stúdenta** - Saga er á áætlun og munu fyrstu íbúarnir flytja inn um mánaðarmótin febrúar-mars ef allt gengur eftir. *Forseti var á fundi um morguninn. Verðhækkanir á döfinni og því gætu við átt von á verðhækkunum á smurðum samlokum til að koma til móts við þessar verðhækkanir í samfélaginu. Ávallt markmiðið að halda þessu í algjöru lágmarki.*
- e. **Aukið veganúrval:** Meðlimir úr umhverfis- og samgöngunefnd ásamt forseta funduðu með fulltrúum frá FS um aukið vegan úrval í Hámu og áherslu á umhverfismálin. Þau eru byrjuð að selja vegan jógúrt í morgunbarnum og Oatly kókovármjólk og er von á fleiru á næstunni, s.s. flatkökum með hummus - allt í gangi!
- f. **Matarspor:** Ari, nýi kokkurinn í Hámu hefur fundað með Eflu og er mjög til í að innleiða Matarspor hjá Hámu. Næstu skref eru því að ræða við háskólann um samstarfið. Vonir standa til að byrja nýja önn með Matarspori.
- g. **Stúdentasjóður:** Opnað hefur verið fyrir umsóknir og fer önnur úthlutun fram þann 19. desember nk. *Hægt að sækja um greiningar- og framfærslustyrki. Hvetjum ykkur til að auglýsa þetta á ykkar deildum/sviðum.*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- h. Íþróttaskólinn:** Er búinn þetta misserið. Um 30 börn voru skráð í heildina og var mikil ánægja með skólann meðal foreldra, barna og framkvæmdastjóra. Stefnt er að því að bjóða aftur upp á skólann á næstu önn.
 - i. Stúdentablaðið** kemur út 15. desember. Þemað er friður - eða fjarvera á honum.
 - j. Jólaviðburður Félagslífs- og menningarnefndar SHÍ:** Fer fram á Stúdentakjallaranum þann 16. desember - nánari upplýsingar koma síðar. *Í samstarfi við Smitten. Jólakæró!*
 - k. Jólabball HÍ og SHÍ:** Starfsmannafélag HÍ og Fjölskyldunefnd SHÍ standa fyrir jólaballi fyrir börn 29. desember.
 - l. Hátíðarhöld 1. desember:** Stúdentaráð hélt upp á 1. desember líkt og venjan er. Sjá nánar [hér](#).
4. Fjárveitingar til Háskóla Íslands 17:25-17:45 (*umræður*)
- a. Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnarsýslu kynnir hvernig fjárveitingum til HÍ er háttað.
Alexandra van Erven mætir 17:40
Enea yfirgefur fundinn 18:05
5. Kynning á Landssamtökum íslenskra stúdenta (LÍS) 17:45-18:05
Presentation of the National Association of Icelandic Students
- a. Alexandra Ýr van Erven, forseti LIÍS kynnir samtökin og starfsemi þeirra.
 - b. *Opið fyrir spurningar úr sal.*

 - *Andri: Eru einhverjir sem þiggja laun frá LIÍS?*
Alexandra: Já ég og framkvæmdarstjóri erum í hlutastarfi
 - Lilja: Er komin dagsetning fyrir landsþing LIÍS?*
Alexandra: Ekkert sem hægt er að opinbera á svo stöddu.
 - Maggi: Hvernig er LIÍS fjármagnað og reksturinn tryggður?*
Alexandra: Við erum með þjónustusamning við ráðuneytið. Ekki nógu góður samningur eins og er en við fáum viðbótarfjármagn sem er mikilvægt fyrir reksturinn. Það er stærsti hlutinn. Við fáum einnig Erasmus styrki og svo greiða aðildarfélögin félagsgjöld.
6. *Hlé 18:05-18:15*
Intermission
7. Tillaga um að frídagar stúdenta séu tryggðir 18:15-18:25 (*atkvæðagreiðsla*)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Proposal regarding ensured days off for students

Stúdentaráðsfundur 15. desember 2022

- T I L L A G A -

um að frídagar stúdenta séu tryggðir

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér í því að próf og verkefni séu ekki lögð fyrir um helgar, seint á kvöldin og á öðrum tímum sem almennt eru ætlaðir sem frítímar.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Eflaust hafa flestir stúdentar heyrt að þeir eigi að vera í fullri vinnu sem námsmenn. Mörg eru hvött til að vinna ekki með skóla og einbeita sér algjörlega að náminu. En eins og Stúdentaráð hefur margítrekað bent á er það algjörlega óraunhæf krafa til margra af þeim sem stunda nám við Háskóla Íslands. Stór hluti stúdenta þarf að halda sér og mögulega fjölskyldu uppi, rúmlega 70% íslenskra stúdenta vinna með námi samkvæmt niðurstöðum EUROSTUDENT VII og þar af fullyrða 72% að án vinnunnar gætu þau ekki verið í námi.¹

En annar stór munur á að vera nemandi við Háskóla Íslands og að vera starfsmaður á vinnumarkaði er að vinnumarkaðurinn gerir ekki kröfu um að fólk mæti í vinnuna á kvöldin og um helgar nema að þau séu sérstaklega ráðin til þess. Stúdentar gera flestir ráð fyrir því að hið sama gildir um þá, þar til í ljós kemur að svo er ekki. Sumir nemendur lenda reglulega í því að próf eru lögð fyrir á laugardögum eða námsferðir skipulagðar yfir helgar. Þetta er oft gert með stuttum fyrirvara og er því ómögulegt fyrir nemendur að vita fyrir víst hvaða frídaga þeir hafa áður en misserið byrjar. Þetta hefur þau áhrif að stúdentar geta ekki skipulagt hvað þeir vilja gera við frítíma sinn án þess að eiga á hættu að það skarist við námið. Hvort sem það sé fyrir utanlandaferðir eða læknisaðstoð þá er óásættanlegt að nemendur geti ekki treyst á að neinn dagur sé raunverulegur frítími.

Þetta gerir það líka að verkum að línurnar milli námstíma og frítíma verða óskýrar, en vitað er að pásur geta haft jákvæð áhrif á geðheilsu fólks² og námsframvindu. Niðurstöður EUROSTUDENT VII sýndu að 15% háskólanema hér á landi glíma við andleg veikindi en að meðaltali glíma 4% háskólanema í Evrópu við andleg veikindi. Einnig verður að hafa í huga hvaða hópa þetta hefur mest áhrif á, en meiri líkur er á að þessi ófyrirsjáanleiki og takmarkaði frítími bitni frekar á fólki sem er nú þegar í viðkvæmri stöðu, s.s. foreldra í námi og þau sem þurfa að vinna með námi vegna fjárhagsstöðu sinnar. Háskólanum ber skylda til þess að haga skipulagi náms og námsmats þannig að kostur gefist á jafnvægi milli náms og einkalífs.

Ein af þeim ástæðum sem liggja fyrir því að próf séu haldin um helgar er að sum námskeið eru verulega fjölmenn og aðstaðan er ekki til staðar fyrir próftöku á virkum dögum. Hins vegar eru til dæmi um að stór námskeið haldi próf á virkum degi, námskeið með undir hundrað nemendur haldi próf um helgar og undirritaður efast stórlega um að þörfin á prófum sé svo mikil að þau



Stúdentaráð Háskóla Íslands

þurfi að vera haldin á frítíma nemenda. Sé ómögulegt að halda próf á virkum degi vegna skorts á plássi þá verður skólinn að finna aðrar leiðir í námsmati, t.d. að gera prófið að heimaprófi.

Önnur ástæða sem á að réttlæta sum próf um helgar er að þau séu aðeins til upphækkunnar og því ekki gerð krafa til nemenda að mæta. Þá má þó athuga sérstaklega að þau sem eru líklegri til að komast er fólk með sveigjanlegri tíma og það fólk fær þá sérstakt forskot á aðra nemendur sem eru ekki jafn lánsamir, þ.e. foreldrar og vinnandi stúdentar. Jafnt aðgengi að námi og jöfn tækifæri fólks í námi eiga að vera tryggð og er þetta mikilvægur liður í þeirri baráttu.

Þá geta námsferðir tekið langan tíma og því reynst erfitt að koma fyrir á virkum dögum. Undirritaður telur þó að í slíkum tilfellum sé eðlilegra að fella til dæmis niður fyrirlestra og fresta skilaverkefnum svo hægt sé að fara í námsferðir á skólatíma, frekar en að troða enn meiri skyldum á stúdenta.

Sé námskeið frábrugðið öðrum námskeiðum og nauðsynlegt að kalla nemendur inn á kvöldin eða um helgar ætti að það að vera ljóst fyrir upphaf annar, tilgreint sérstaklega í námskeiðslýsingu á vef háskólans og einnig í kennsluáætlun ásamt því úrræði sem myndi koma til móts við nemendur með fríi í hefðbundinni kennslustund til jafns, ef við á. Ef þörf er á að prófa um helgar innan skilgreindra prófatímabíla s.s. vegna sjúkra- og endurtökuprófa skal það vera birt í kennsluáætlun.

Þessi réttur stúdenta til frítíma ætti að vera tryggður í reglum háskólans enda gera mörg ekki ráð fyrir því að þurfa að mæta í skólann um helgar og algjör tímaskekkja að hægt sé að gera þessa kröfu til stúdenta. En þar sem það gæti tekið langan tíma að koma ákvæði þar inn telur undirritaður rétta nálgun að byrja á að beina þessari kröfu Stúdentaráðs til deildarforseta og stjórnna fræðasviðanna.

S. Maggi Snorrason, Stúdentaráðsliði

a. Tillöguberi (Maggi) flytur tillöguna.

b. Mælendaskrá opin

Dagmar kemur með athugasemd að t.d. í jarðvísindadeild eru áfangar sem fara oft í vettvangsferðir um helgar og að það þyrfti að hafa slíkt í huga við framkvæmd tillögunnar.

Lilja: Ég fagna þessari tillögu. Þetta er í átt að fjölskylduvænni Háskóla og í takt við að virða það að flestir nemar vinna líka og þurfa á fríu að halda.

Brynhildur fer fram á svohljóðandi bókun.: „Ég fagna þessari tillögu mjög sem stúdent á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, enda hef ég eftir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

deildarforsetum á sviðinu að samkvæmt reiknuðum vinnustundum útfrá ECTS kerfinu, er gert ráð fyrir því að stúdentar á sviðinu eyði um 60 klst við að sinna náminu á viku.“

c. Atkvæðagreiðsla

16 samþykki, 1 situr hjá.

Tillagan er því samþykkt.

8. Tillaga um aukna þjónustu Hámu í Eirberg, Læknagarði og Stakkahlíð 18:25-18:35
(*atkvæðagreiðsla*)

Proposal regarding increased services in Háma at Eirberg, Læknagard and Stakkahlíð

*Stúdentaráðsfundur
15. Desember, 2022*

TILLAGA

Um aukna þjónustu Hámu í Eirberg, Læknagarði og Stakkahlíð

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Félagsstofnun stúdenta auki þjónustu sína í Hámu í Eirbergi, Læknagarði og Stakkahlíð.

RÖKSTUÐNINGUR

Eins og staðan er í dag er Háskólanum skipt í þrjú aðal svæði. Svæðið í kringum Háskólatorg, Hringbrautarreiturrinn og Stakkahlíð. Háma á Háskólatorgi þjónar öllum þeim sem eiga erindi í suðvestur hluta Vatnsmýrarinnar. Óraunhæft er þó að nemar og starfsfólk í Læknagarði, Eirberg og Stakkahlíð komist milli tíma í Hámu á Háskólatorgi.

Háma í Læknagarði er opin milli 9-14 og Háma í Eirbergi ásamt þeirri í Stakkahlíð eru opnar milli 9-15. Almenn er litið svo á að kennsla innan HÍ fari fram milli 8:20-16:30. Þarna myndast því bil í þjónustu þar sem mikil starfsemi er á þessum þremur starfsstöðvum en Háman er ekki opin. Vegalengdin milli þessara svæða og Háskólatorgs er of mikil til að fara á milli bygginga í stuttum pásam á milli kennslustunda. Auk þessa eru lestraraðstöður flestra deilda á Heilbrigðisvísindasviði og Menntavísindasviði í þessum þremur byggingum og því myndi einnig vera forsenda fyrir lengdum opnunartíma utan hefðbundinna kennsludaga, svo sem í prófatíð, en við teljum að fólk myndi nýta sér lærdómsaðstöðuna miklu frekar ef Háma væri opin á þeim tíma. Við teljum því vera forsendur, í það minnsta m.t.t. eftirspurnar, fyrir því að Háma auki þjónustu sína á þessum starfsstöðvum.

*Andri Már Tómasson, Sviðsráðsforseti HVS
Auður Eir Sigurðardóttir, Sviðsráðsforseti MVS
Sigríður Helga Ólafsson, Stúdentaráðsliði
Dagný Þóra Óskarsdóttir, Stúdentaráðsliði
Ísak Kárason, Stúdentaráðsliði
Bergrún Anna Birkisdóttir, Stúdentaráðsliði
Kristín Brynjarsdóttir, Sviðsráðsfulltrúi HVS*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Styrmir Hallsson, Sviðsráðsfulltrúi HVS

Telma Rún Magnúsdóttir, Sviðsráðsfulltrúi HVS

Jón Hjörvar Valgarðsson, Sviðsráðsfulltrúi MVS

Rannveig Klara Guðmundsdóttir, Sviðsráðsfulltrúi MVS

- a. Tillöguberar (Andri og Auður) flytja tillöguna.
- b. Mælendaskrá opin.
- c. Atkvæðagreiðsla

17 samþykki,

Tillagan samþykkt.

9. Önnur mál 18:35-18:45

Other issues

- a. Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til fjárlaga 2023
 - i. Kosið um að taka tillöguna fyrir. Engar umræður áttu sér stað fyrir kosninguna.
17 samþykki,
Tillagan var því tekin fyrir.

15. desember, 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
b.t. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til fjárlaga 2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með [háskólaráði Háskóla Íslands](#) og lýsir yfir þungum áhyggjum af fjármögnun Háskóla Íslands í ljósi fyrirhugaðs niðurskurði fjárveitinga árið 2023. Það er vitað mál að Háskóli Íslands hefur verið undirfjármagnaður um árabil en nú stefnir í enn verri stöðu en áður. Fyrir 2. umræðu fjárlaga stöðu fræðasvið skólans frammi fyrir 500 m.kr. niðurskurði og með þeirri 200 m.kr. aðhaldskröfu sem kom fram í 2. umræðu fjárlaga hefur staðan versnað til muna. Stúdentaráð telur að með þeim fjárveitingum sem lagðar eru til séu stjórnvöld að bregðast lögbundinni skyldu sinni við að fjármagna opinbera háskólamenntun. **Stórauka þarf fjárframlög til Háskóla Íslands til þess að skólinn geti haldið úti grundvallarstarfsemi sinni og að óbreyttu stefnir í alvarlegt ástand.**

Mikil nemendafjöldgun varð í Háskóla Íslands þegar heimsfaraldur vegna Covid-19 reið yfir og má rekja hana til áherslu stjórnvalda á að menntakerfið væri lausnin við kreppunni. Háskóli Íslands svaraði kallinu, varð við óskum stjórnvalda og opnaði skólann fyrir fleiri nemendum. Með þessu fylgdi viðbótarfjármagn, en þó ekki meira en svo að árið 2020 stunduðu 800 fleiri nemendur nám við HÍ en greitt var fyrir og 540 fleiri árið 2021. Nú er boðaður mikill niðurskurður á einu bretti vegna nemendafækkunar og er Háskóli Íslands því látinn taka skellinn, eftir að hafa brugðist við þegar á reyndi.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í [frumvarpi til fjárlaga](#) árið 2016 kemur fram að við útreikninga á framlögum til kennslu í hverjum skóla væri, eins og árin á undan, notaður veginn meðalfjöldi ársnema á síðustu árum og spá fyrir yfirstandandi ár. Þar segir að tilgangurinn með þessari aðferðafræði sé að draga úr sveiflum í framlögum á milli ára auk þess sem áætlanir háskólanna um ríkisframlag byggjast þá aðeins að óverulegu leyti á nemendaspá fram í tímann. Jafnframt kemur fram að þessi aðferð hafi þau áhrif að „*ef nemendafjöldi breytist á milli ára þá breytist framlag ekki strax heldur með töf, enda verður stórum hluta útgjalda háskóla aðeins breytt með góðum fyrirvara.*” Fyrirhuguð lækun fjárveitinga með skömmum fyrirvara á milli umræðna vegna nemendafækkunar gerir það að verkum að erfitt er fyrir Háskólann að bregðast við. Stúdentaráð gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega, enda verður ekki séð hvers vegna minni ástæða er talin nú, en fyrri ár, til þess að draga úr sveiflum í fjárlögum til Háskólans á milli ára.

Það skýtur skökku við að á sama tíma og stjórnvöld boða stórsókn í menntun og gefa það út að meginmarkmið þeirra hvað varðar starfsemi á háskólastigi sé að hér séu „*framsæknar og alþjóðlega samkeppnishæfar rannsóknastofnanir og háskólar*” nær fjárveiting til stærsta háskóla landsins ekki einu sinni meðaltali OECD ríkjanna og á langt í land til þess að ná hinum Norðurlöndunum. Heildartekjur Háskóla Íslands árið 2019 voru 2,9 milljónir á ársnema á meðan meðaltalið á Norðurlöndunum er 4,2 milljónir á hvern ársnema.

Flestar deildir stærsta háskóla landsins standa frammi fyrir því að óbreyttu að þurfa að skera niður í grunnstoðum sínum með tilheyrandi afleiðingum fyrir menntun og rannsóknir í landinu. Þar að auki er nú til [umræðu](#) að hækka skrásetningargjaldið sem innheimt er við opinbera háskóla sem liggur í augum uppi að kemur til vegna vöntunar á fjármagni frá stjórnvöldum til þess að halda uppi grunnstarfsemi háskólans. Skrásetningargjaldið er nú þegar of hátt og yrði hækkun þess aðeins til þess að auka ójöfnuð og skerða aðgengi að námi. **Þessu þarf að afstýra tafarlaust með því að falla frá kröfum um niðurskurð vegna nemendafækkunar ásamt því að stórauka fjárframlög til Háskóla Íslands.** Þar að auki þarf að endurskoða til framtíðar hvernig fjárveitingum til skólans er háttað. Nauðsynlegt er að endurskoðun á reiknilíkani háskólastigsins verði lokið sem fyrst og að brýnt er að útteiling fjármuna til Háskóla Íslands taki mið af raunverulegu landslagi háskólastigsins þannig að rekstrargrundvöllur skólans sé tryggður.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

- ii. Tillöguberi (Forseti) flytur tillöguna
- iii. Mælendaskrá opin. Andri spyr hvort að þetta megi birta opinberlega sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

forseti svarar játandi.

iv. Atkvæðagreiðsla

17 samþykki,

tillagan var því samþykkt.

Í kjölfar niðurstöðu tillögunnar segir Forseti nokkur hvatningarorð um að það er aldrei of seint fyrir hagsmunabaráttu stúdenta þótt að starfsárið sé rúmlega hálfnað og hvetur viðstadda um að hika ekki ef það vakna mál, sem liggja þeim á hjarta, að ræða þau við sig.

b. Næsta önn - Fundatímur Stúdentaráðsfunda á næstu önn og fleiri viðburðir ræddir.

c. Fridays for Future verkefnið - *Maggi*

i. Á mán í næstu viku verður fundur um framtíð verkefnisins Fridays for Future þannig að vonandi eru jákvæðir hlutir að gerast þar. Fundurinn verður opinn þannig hver sá sem hefur áhuga á þessu má mæta kl 16:00 þann 19. desember.

10. Bókfærð mál

Recorded issues

a. Nýir fulltrúar í fjölskyldunefnd SHÍ

Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir hefur tilkynnt úrsögn úr fjölskyldunefnd, í hennar stað tekur Margrét Hörn Jóhannsdóttir forsæti í nefndinni. Auk þess afsalar Vaka rétti sínum til annars sætis í nefndinni og veitir Röskvu það.

Dagur Kárason

Röskva tilnefnir í fjölskyldunefnd Fanney Önnu Ómarsdóttur.

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir

11. Fundi slitið